

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 17. október 2013 í máli nr. E-525/2013:

Skakkiturn ehf.

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

1949 ehf.

Friðjóni Björgvini Gunnarssyni

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 2. október sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Skakkaturninum ehf., Laugavegi 182, Reykjavík á hendur 1949 ehf. og Friðjóni Gunnari Björgvinssyni, Hrísríma 5, Reykjavík, með réttarstefnu dagsettri 1. febrúar 2013.

Stefnandi krefst þess að staðfest verði lögbann sem sýslumaðurinn í Reykjavík lagði hinn 25. janúar 2013 við því að stefndu, 1949 ehf. og Friðjón Björgvin Gunnarsson, bjóði til kaups og selji hér á landi vörur framleiddar af Apple Inc., sem bera skráð alþjóðlegt vörumerki Apple Inc., með alþjóðlega skráningarnúmerinu 851679.

Þá krefst stefnandi þess að stefndu verði dæmdir til að greiða sameiginlega (in solidum) hæfilegt endurgjald, fyrir hagnýtingu alþjóðlegs vörumerkis Apple Inc., með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 7. mars 2013 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda. Til vara er þess krafist að synjað verði um staðfestingu á lögbanni sem sýslumaðurinn í Reykjavík lagði, 25. janúar 2013, við sölu stefndu á vörum Apple Inc. hér á landi, og að lögbannið verði fellt úr gildi.

Stefndu gera þá kröfu að dómkrafa stefnanda, þess efnis að stefndu verði sameiginlega (in solidum) dæmdir til þess að greiða stefnanda hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu á vörumerkinu Apple Inc., verði vísað frá dómi.

Þá er krafist málskostnaðar.

I

Apple er skráð alþjóðlegt vörumerki með skráningarnúmerinu MP-851679, er nær til Apple vara. Það eru meðal annars borðtölvur, fartölvur, símar, hugbúnaður og ýmiss konar lausafjármunir og hugbúnaður.

Stefnandi kveðst vera viðurkenndur dreifingaraðili fyrir vöru frá Apple Inc. Infinite Loop, Cupertino, CA. 95014, Bandaríkjunum og telur að dreifing hans á Apple vörum lúti ströngum skilmálum. Stefnandi kveðst þó sætta sig við að Apple fái öðrum aðila á Íslandi dreifingarrétt að Apple vöru. Hann þurfi líka að sætta sig við, að aðrir viðurkenndir dreifingaraðilar innan EES-riksja geri samning við endursöluaðila hér á landi samkvæmt þeim reglum sem Apple setji dreifingaraðilum sínum. Stefnandi heldur því fram að frá öðrum en þessum aðilum þurfi hann hins vegar ekki að sæta samkeppni um sölu á Apple vöru á Íslandi.

Á síðasta ári hóf stefndi, 1949 ehf., sölu á Apple vörum á heimasíðunni buy.is undir slagorðinu „Veldu samkeppni og verslaðu Apple hjá Buy.is.“ Á heimasíðu buy.is var notað skráð vörumerki Apple og Apple borðtölvur, Apple fartölvur, Airport, iPadmini, iPad 4 kynslóða með Retina, skjáir og fleira boðið til kaups. Lénið buy.is er skráð á stefnda, Friðjón Björgvin Gunnarsson.

Fyrir jólin 2012 kom út fjórblöðungur þar sem vísað var til buy.is/1949 ehf. og Apple vara boðin til kaups m.a. undir slagorðunum „lægra verð fyrir þig“ og „ódyra eplabúðin þín“. Um var að ræða MacBook Pro 13,3, iPhone 5 í þremur mismunandi gerðum, iPadmini, iPad (4) Retina, iMac 21,5“ og iMac 27“, MacBook Pro 15“ Retina, iPod Nano, Apple TV, Mac Mini, iPod Touch og fleiri vörur.

Viðskiptin fóru þannig fram að buy.is var ekki seljandi þeirrar vöru sem auglýst var á heimasíðunni og í fjórblöðungnum, heldur voru vörureikningar gefnir út í nafni stefnda, 1949 ehf. Þá var þess óskað í tölvupóstum frá stefnda, Friðjóni Björgvini Gunnarssyni, að andvirði seldrar vöru yrði greitt í Bandaríkjadöllum inn á reikning félagsins China 4You Limited, sem stefndi, Friðjón Björgvin Gunnarsson, á í Hong Kong.

Með beiðni til sýslumannsins í Reykjavík 11. desember 2012 krafðist stefnandi þess að sýslumaður legði lögbann við því að stefndu byðu til kaups og seldu hér á landi vöru framleidda af Apple sem bæru skráð alþjóðlegt vörumerki Apple. Sýslumaðurinn í Reykjavík féllst hinn 25. janúar sl. á lögbannskröfuna og lagði lögbann við því að stefndu byðu til kaups og seldu hér á landi vörur framleiddar af Apple Inc., sem bera skráð alþjóðlegt vörumerki félagsins númer 851679.

Með vísan til framangreinds og 36. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 31/1991 gaf Héraðsdómur Reykjavíkur út réttarstefnu til staðfestingar lögbannsins.

II

Stefnandi kveðst allt frá desember 2008 vera viðurkenndur dreifingaraðili fyrir vöru frá Apple Inc. Infinite Loop, Cupertino, CA. 95014, Bandaríkjunum, hér eftir Apple, sbr. dreifingarsamning við Apple Sales International, Hollyhill Industrial Estate, Hollyhill, Cork, Írlandi, sem undirritaður var 21. júní og 15. júlí 2011. Apple sé skráð alþjóðlegt vörumerki með skráningarnúmerinu MP-851679, þar sem tilfærðar séu vörur, sem vörumerkjaréttur félagsins nær til. Apple vörur séu m.a. borðtölvur, fartölvur, símar, hugbúnaður og ýmis konar lausafjármunir og hugbúnaður.

Stefnandi kveður að hugtakið vara, sem hann sé viðurkenndur dreifingaraðili fyrir á Íslandi, sé skilgreint í 1. kafla samningsins „Definitions and Interpretation“ 21. mgr. „Products“ í áðurgreindum samningi stefnanda við Apple Sales International. Samningurinn hafi leyst af hólmi dreifingarsamning milli sömu aðila, sem undirritaður hafði verið 12. desember 2008 í Reykjavík og 18. desember sama ár í Cork á Írlandi. Samkvæmt samningum þessum sé Apple vara hvers kyns vélabúnaður, hugbúnaður og þjónusta, sem dreifingaraðili má kaupa af Apple hverju sinni (einnig vörur þriðja aðila) sem Apple ákveður.

Stefnandi tekur fram að allur innflutningur og dreifing hans á Apple vöru samkvæmt dreifingarsamningnum lúti ströngum skilmálum. Stefnandi megi ekki dreifa Apple vöru til aðila utan þess svæðis, sem dreifingarsamningurinn tekur til, sbr. gr. 2.3, nema viðsemjandi hans, endursöluaðilinn, sé innan annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu. Dreifingaraðilum, eins og stefnandi sé, ber jafnframt að gæta fagmennsku og vandvirkni í viðskiptum sínum og framkomu og viðhalda mikilli ánægju viðskiptavina í samræmi við viðmið Apple. Rík áhersla sé lögð á það í dreifingarsamningum Apple að dreifingaraðilar og endursöluaðilar þeirra fari að lögum í starfsemi sinni og virði m.a. neytendalög, skatta- og gjaldeyriseftirlit, sbr. m.a. gr. 3.6.1. Stefnandi sætti sig við að Apple fái öðrum aðila á Íslandi dreifingarrétt að Apple vöru. Stefnandi þarf líka að sætta sig við að aðrir viðurkenndir dreifingaraðilar innan EES-ríkja geri samning við endursöluaðila hér á landi samkvæmt þeim reglum sem Apple setur dreifingaraðilum sínum. Frá öðrum en þessum aðilum þarf stefnandi hins vegar ekki að sæta samkeppni um sölu á Apple vöru á Íslandi.

Stefnandi heldur því fram að hvorugur stefndi hafi gert dreifingarsamning við Apple, þ.e. móðurfélagið bandaríska eða nokkurt dótturfélag þess, um sölu á Apple vöru hér á landi. Þá hafi stefndu ekki gert endursölusamning við neinn viðurkenndan dreifingaraðila Apple innan Evrópska efnahagssvæðisins um endursölu á Apple vöru hér á landi. Stefnandi hafi því enga heimild til að nota skráð vörumerki Apple eða bjóða vöru, sem ber vörumerki Apple til kaups hér á landi.

Stefnandi byggir málssókn sína á því að hann sé skuldbundinn Apple samkvæmt gr. 7.4 í dreifingarsamningnum til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á eigin kostnað hér á landi til að vernda vörumerkjarétt Apple. Stefnandi sé því

skuldbundinn gagnvart Apple til að hindra að vörumerki Apple sé notað í tengslum við sölu á Apple vöru hér á landi af aðilum, sem hafa enga heimild til að dreifa eða endurselja Apple vöru og eru því ekki á neinn hátt skuldbundnir gagnvart Apple beint eða óbeint til að virða þá skilmála sem gilda um sölu á Apple vöru.

Stefnandi byggir á því að stefndu hafi með sagnæmum og ólögætum hætti brotið gegn vörumerkjarétti Apple, þegar þeir notuðu skráð vörumerki Apple í heimildarleysi við sölustarfsemi á vefsíðunni buy.is og í fjórblöðungi, þar sem boðnar vöru til kaups Apple vörur í nafni Buy.is/1949 ehf.

Sala stefndu á Apple vöru á buy.is hafi einnig falið í sér gróf brot á íslenskri löggjöf, sem sé andstætt hagsmunum Apple, sem gerir þá kröfu til allra þeirra aðila, sem fá heimild til að dreifa eða endurselja Apple vöru, að þeir virði alla löggjöf þess svæðis sem salan fer fram á. Stefndi, 1949 ehf., gefi út vörureikninga í sínu nafni í íslenskum krónum en forsvarsmaður stefnda, stefndi Friðjón Björgvin Gunnarsson, geri síðan kröfu til þess að andvirði hins selda sé greitt í Bandaríkjadöllum inn á bankareikning í nafni félags, sem hann eigi í Hong Kong.

Þá liggi fyrir að stefndi, Friðjón Björgvin Gunnarsson, forsvarsmaður stefnda 1949 ehf., hafi á umliðnum árum leikið þann leik að breyta í sífellu um söluaðila þeirrar raftækja, sem selt hafa vöru á buy.is. Af framlögðum gögnum megi sjá að stefndi, Friðjón Björgvin Gunnarsson, forsvarsmaður stefnda, 1949 ehf., hafi verið í forsvari fyrir í það minnsta þrettán fyrirtækjum hér á landi og hafi mörg þeirra reynst eignalaus og sum verið tekin til gjaldþrotaskipta.

Stefnandi telur að við markaðssetningu á Apple vöru hafi stefndu gefið villandi og beinlínis rangar upplýsingar um verð á Apple vöru hér á landi, þar sem þeir hafa selt í smásölu Apple vöru á verði, sem vart hrökkvi fyrir innkaupsverði hennar. Stefnda, 1949 ehf., sé þetta mögulegt, þar sem stefndi sé eitt fjölmargra fyrirtækja, sem stefndi, Friðjón Björgvin Gunnarsson, hafi stofnað á umliðnum árum til að annast innflutning og sölu rafvöru ýmiss konar, m.a. frá Apple. Þegar komið hafi að gjalddaga opinberra gjalda vegna atvinnustarfsemi þessarar, svo sem greiðslu tolla, hafi stefndi, Friðjón Björgvin Gunnarsson, stofnað nýtt félag um söluna og látið eldri félög sigla í gjaldþrot. Ætluð samkeppni stefndu við stefnanda í sölu á Apple vörum hafi því verið andstæð ákvæðum V. kafla laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og feli auk þess í sér brot gegn þeirri meginskyldu aðila sem versla með Apple vöru að virða lög og reglur þess lands sem salan fari fram í og skila þeim sköttum og gjöldum sem falla á eða tengjast viðskiptunum.

Stefndi, Friðjón Björgvin Gunnarsson, hafi látið hafa það eftir sér að ekkert sé athugavert við að skipta um kennitölur á þeim rekstri sem hann stundi, eins og glögg má sjá af frétt sem birtist á vefmiðlinum dv.is hinn 8. janúar 2013. Þar komi fram að hann telji ekkert athugavert við svokallað kennitöluflakk. Í fréttinni komi einnig fram að starfsemi netverslunarinnar buy.is hafi skipulega verið flutt milli kennitalna á undanförunum árum til þess að losna við aðflutningsgjöld af þeim raftækjum sem boðin eru til kaups í vefversluninni. Þá komi einnig fram að ýmis félög sem tengjast stefnda, Friðjóni Björgvini Gunnarssyni, skuldi um 50 milljónir króna í opinber gjöld. Hjá nokkrum þeirra hafi verið gert árangurslaust fjárnám vegna opinberra gjalda eins og framlögð gögn sýni.

Með kennitöluflakki hafi stefndi, Friðjón Björgvin Gunnarsson, og þau félög sem hann hafi verið í forsvari fyrir komist hjá því að skila bróðurparti þeirra gjalda sem íslenska ríkið leggur á innflutta Apple vöru. Þá hafi verið látið að því liggja í auglýsingu að verð Apple vöru hjá samkeppnisaðilum hans sé óeðlilegt. Viðskipti með Apple vöru, þar sem brot séu framin af ásetningi á lögum þess lands, þar sem viðskiptin fara fram, séu andstæð hagsmunum Apple og til þess fallin að grafa undan starfsemi þeirra aðila sem Apple hefur samið við og lagt þá skyldu á að fara að lögum og vernda vörumerkjarétt Apple. Stefnandi hafi því, sem viðurkenndur dreifingaraðili Apple, ríka lögvarða hagsmuni af því að sölustarfsemi stefndu á Apple vöru verði stöðvuð og lögbann það sem sýslumaðurinn í Reykjavík lagði á hinn 25. janúar 2013 verði staðfest. Viðskiptasaga stefnda, Friðjóns Björgvins Gunnarssonar, sýni að nauðsynlegt var að stöðva sölu Apple vöru af hálfu stefnda með lögbanni.

Stefnandi geri kröfu til þess að honum verði, sem vörslumanni hagsmuna vörumerkja Apple samkvæmt dreifingarsamningi, dæmt hæfilegt endurgjald vegna hinnar ólögmætu hagnýtingar stefnda á skráðu vörumerki Apple úr hendi stefndu sameiginlega (in solidum).

Um lagarök fyrir lögbannskröfunni vísar stefnandi 41. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997 sbr. og til 1. mgr. 24. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 31/1990. Varðandi endurgjaldskröfuna er vísað til 1. mgr. 43. gr. sömu laga. Þá er vísað til laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Krafa um málskostnað er byggð á 129. sbr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

III

Sýknukrafa stefndu byggist á aðildarskortu sóknarmegin í málinu. Stefnandi sé ekki skráður eigandi vörumerkisins Apple Inc., heldur Apple Inc., 1 Infinite Loop, Cupertino, CA 95014, Bandaríkjunum. Varnir byggðar á aðildarskortu sóknarmegin leiða til sýknu, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sýknukrafa stefndu hvað varðar dómkröfu stefnanda um hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu á vörumerkinu Apple Inc., byggist á því að krafan sé með öllu órökstudd, en stefnandi færir engin rök fyrir því í stefnu hvers vegna stefndu eigi að greiða honum endurgjald fyrir hina meintu hagnýtingu eða hver fjárhæð þess eigi að vera.

Stefndu mótmæla málatilbúnaði stefnanda sem röngum og ósönnuðum. Stefnandi mótmæla sérstaklega öllum ávirðingum í stefnu þess efnis að stefndu hafi gerst sekir um gróf lögbrot, kennitöluflakk og ósiðlega viðskiptahætti. Stefnandi byggir á framangreindum ávirðingum sem málsástæðum í málinu. Vandséð sé hvaða erindi þessar málsástæður stefnanda eiga inn í málið, en málsástæðukaflar stefnanda sé fátæklegur að öðru leyti. Svo fátæklegur sé hann að hann kann að fara gegn e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og varða frávísun málsins í heild án kröfu (ex officio).

Stefndu mótmæla því að hafa með saknæmum og ólögmætum hætti brotið gegn vörumerkjarétti Apple Inc. Það eina sem stefndu hafi sér til sakar unnið sé að bjóða

Apple vörur á hagstæðri kjörum en stefnandi hefur boðið vegna hárrar álagningar stefnanda. Það að auglýsa og selja Apple vörur, sem stefndu séu komnir að með lögmætum hætti, í gegnum hagstæð vörukaup á EES-svæðinu, feli ekki í sér brot gegn vörumerkjarétti stefnanda eða öllu heldur Apple Inc.

Stefndu vísa í þessu sambandi til 2. mgr. 6. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, en þar segir að hafi eigandi vörumerkis markaðssett vöru eða þjónustu sem nýtur vörumerkjaréttar eða heimilað slíkt innan Evrópska efnahagssvæðisins geti hann nú ekki, síðar, hindrað notkun, sölu, leigu, innflutning, útflutning eða annars konar dreifingu vörunnar eða þjónustunnar á því svæði. Dreifingarsamningar þeir er stefnandi byggir á skapi honum engan rétt að því marki sem þeir eru í andstöðu við framangreint lagaákvæði. Þegar af þessum ástæðum beri að hafna kröfu stefnanda um staðfestingu á lögbanni og fella lögbannið úr gildi.

Krafist er frávísunar á þeirri dómkröfu stefnanda, að stefndu verði sameiginlega (in solidum) dæmdir til þess að greiða stefnanda hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu á vörumerkinu Apple Inc. Krafan sé ekki rökstudd í stefnu og því uppfylli málalíbúnaður stefnanda hvað þá kröfu varðar ekki skilyrði d- og e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Því beri að vísa kröfunni frá dómi.

Krafa stefndu um málskostnað byggir á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV

Lögbann það, sem krafist er staðfestingar á var lagt á af sýslumanninum í Reykjavík hinn 25. janúar 2013. Réttarstefna til staðfestingar á lögbanninu var gefin út 1. febrúar 2013. Því er fullnægt skilyrðum 1. mgr. 36. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann fyrir þessari málshöfðun.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann má leggja lögbann við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar, ef gerðarþoli sannar eða gerir sennilegt að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans. Í málinu liggur fyrir að stefndi, 1949 ehf., hóf að selja Appel vörur á heimasíðu sinni buy.is og var skráð vörumerki Appel notað. Boðnar voru til kaups Apple borðtölvur, Apple fartölvur, Iphone 4s og Iphone 5, Airport, ipadmini, ipad 4 kynslóða með Retina, skjáir og fleira.

Aðalkrafa stefnanda lýtur að því að staðfest verði lögbann sem sýslumaðurinn lagði við því að stefndu byðu til kaups og seldu hér á landi vörur framleiddar af Apple Inc., sem bera skráð alþjóðlegt vörumerki Apple Inc., með alþjóðlega skráningarnúmerinu 851679.

Fyrir liggur staðfesting Einkaleyfastofu þar sem fram kemur að Appel Inc, í Kaliforníu í Bandaríkjunum, sé eigandi skráningarnúmersins MP-851679. Ekki er getið um umboðsmann hér á landi. Þá liggja fyrir dreifingarsamningar, dags. 21. júní 2011 og 12. desember 2008, milli Appel Sales International, sem staðsett er á Írlandi, og stefnanda. Ekki er tilefni til að vefengja heimild Appel Sales International á Írlandi til að gera dreifingarsamninga við stefnanda um dreifingu á

vörum hér landi, er bera vörumerkið Appel.

Í dreifingarsamningi stefnanda frá 21. júní 2011 kemur fram að stefnandi sé dreifingaraðili á Íslandi fyrir vélbúnað, hugbúnað og þjónustuvörur sem hann kaupir af Appel, eða þriðja aðila, hverju sinni. Ekki verður séð að stefnandi hafi einkarétt til dreifingar á Appel vörum hér heldur getur Appel Sales International gert dreifingarsamninga við aðra aðila um dreifingu á vörunum hér á landi. Ekki liggur fyrir í málinu að stefndu hafi gert slíkan samning né hafi dreifingarrétt á Appel vörum hér á landi. Þá hefur ekki verið með sannanlegum hætti sýnt fram á að vörur stefndu sé fengnar á EES svæðinu svo sem hann heldur fram.

Samkvæmt gr. 7.4 í dreifingasamningi stefnanda frá 21. júní 2011 skuldbindur stefnandi sig gagnvart Appel að gæta hagsmuna þeirra við verndun hugverkaréttarins hér á landi, þeim að kostnaðarlausu. Því verður að líta svo á að stefnandi hafi heimild til að grípa inni er aðili, sem ekki hefur gert samning við Appel, selur hér Appel vörur. Þegar af þessari ástæðu er krafa stefnanda um staðfestingu á lögbanninu tekið til greina.

Stefndu byggja á 2. mgr. 6. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, sem var breytt með lögum nr. 117/2009. Í ákvæðinu segir að hafi eigandi vörumerkis markaðssett vöru eða þjónustu sem nýtur vörumerkjaréttar, eða heimilað slíkt innan Evrópska efnahagssvæðisins, geti hann nú ekki, síðar, hindrað notkun, sölu, leigu, innflutning, útflutning eða annars konar dreifingu vörunnar eða þjónustunnar á því svæði. Lagabreyting þessi var talin nauðsynleg svo ákvæðið samræmdist 1. mgr. 7. gr. vörumerkjatilskipunar 89/104/EBE. Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 117/2009 kemur fram að túlka beri ákvæðið þannig að svæðisbúndin tæming gildi á Evrópska efnahagssvæðinu. Með því fá réttthafar vörumerkja auknar heimildir til þess að stjórna markaðssetningu og koma í veg fyrir notkun sem fer í bága við vörumerkjarétt þeirra, t.d. samhliða innflutningi. Því verða heimildir réttthafa vörumerkis víðtækari en þær voru, væri um alþjóðlega tæmingu að ræða. Af þessari lagatúlkun leiðir að hafna beri því að stefndu geti byggt rétt sinn á þessu lagaákvæði.

Með vísan til þess sem að framan greinir er það niðurstaða dómsins að staðfesta beri lögbann það sem sýslumaðurinn í Reykjavík lagði hinn 25. janúar 2013 við því að stefndu, 1949 ehf. og Friðjón Björgvín Gunnarsson, bjóði til kaups og selji hér á landi vörur framleiddar af Apple Inc., sem bera skráð alþjóðlegt vörumerki Apple Inc., með alþjóðlega skráningarnúmerinu 851679.

Í öðru lagi krefst stefnandi þess að stefndu verði sameiginlega (in solidum) dæmdir til að greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu alþjóðlegs vörumerkis Apple Inc. ásamt dráttarvöxtum. Krafan byggist á 1. mgr. 43. gr. sömu laga en þar segir að þeim sem af ásetningu eða gáleysi brýtur gegn vörumerkjarétti sé skylt að greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu vörumerkis og skaðabætur fyrir annað tjón sem af broti hans hefur hlotist. Í málinu er ekki krafist skaðabóta. Að mati dómsins er krafa þessi um hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu vörumerkisins vanreifðu af hálfu stefnanda og verulega skortir á að fullnægt sé skilyrðum d- og e-liðar 80. gr. laga um meðferð einkamála. Er kröfu þessari því vísað frá dómi.

Með vísan til 130. gr. laga nr. 19/1991 ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað svo sem greinir í dómsorði.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

DÓMSORÐ

Staðfest er lögbann sem sýslumaðurinn í Reykjavík lagði hinn 25. janúar 2013 við því að stefndu, 1949 ehf. og Friðjón Björgvin Gunnarsson, bjóði til kaups og selji hér á landi vörur framleiddar af Apple Inc., sem bera skráð alþjóðlegt vörumerki Apple Inc., með alþjóðlega skráningarnúmerinu 851679.

Kröfu stefnanda um hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu alþjóðlegs vörumerkis Apple Inc. er vísað frá dómi.

Stefndu, 1949 ehf. og Friðjón Gunnar Björgvinsson greiða stefnanda, Skakkaurninum ehf., 900.000 kr. í málskostnað.

Sigrún Guðmundsdóttir.